

# HAFNASAMBAND SVEITARFÉLAGA

Alþingi

Erindi nr. **P 140/631**

komudagur **5.12.2011**

Umhverfis- og samgöngunefnd  
Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 2. desember 2011

1112001HA MKH/  
Málalykill: 613

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum – 66. mál

Stjórn Hafnasambands Íslands hefur borist erindi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 23. nóvember 2011, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til breytinga á hafnalögum, þingskj. 66 – 66. mál.


Stjórn hafnasambandsins tekur nú um stundir þátt í vinnu við endurskoðun á hafnalögum á vegum innanríkisráðuneytisins og er vonast til þess að frumvarp til breytinga á hafnalögum verði lagt fram á fyrri hluta árs 2012.

Stjórn hafnasambandsins hefur áður fjallað um frumvarp sama efnis, sem lagt var fram á 139. löggjafarþingi, og í umsögn stjórnarinnar sem send var með bréfi dags. 17. nóvember 2010 til samgöngunefndar Alþingis segir m.a.:

„Stjórn Hafnasambands Íslands leggst gegn því að bætt sé við almenn hafnalög sérstöku ákvæði varðandi einstakar hafnir. Standi vilji löggjafans til sérstakra aðgerða gagnvart Helguvíkurhöfn er eðlilegra að gera það í sérlægum þar að lútandi, en bent er á að óskir um sams konar aðgerðir munu eflaust koma frá öðrum höfnum, sem kalla eftir fjárhagslegum úrbótum og aðstoð.“

Stjórn Hafnasambands Íslands hefur ekki tekið afstöðu til einstakra verkefna hafna og ítrekar því umsögn sína frá 2010 um framangreint frumvarp.

Virðingarfyllt  
HAFNASAMBAND ÍSLANDS



Magnús Karel Hannesson  
starfsmaður HÍ